

## Stærsta kreppan er kreppa hugans

Forseti Íslands, ráðherrar, þingmenn, kæru gestir.

Það er með miklu stolti og ánægju sem ég stíg hér upp í þessum stórglæsilegu húsakynnum Marels. Ég ætla að reyna að svara því:

- Hvers vegna við erum að standa í þessu Ári nýsköpunar
- og hvernig hyggjumst við ná markmiðum okkar með þessu?

Það er í raun magnað að uppgötva hve mikill kraftur og aðlögunarhæfni er í íslensku framtaki – og eins og vekur athygli hve lágt hún fer í umræðunni, öll þessi gróska. Ég vona því að allir sem hér eru inni hafi tækifæri til að skoða skjána sem eru hér í hinum salnum. Þar rúlla glærur sem sýna á skýran og einfaldan hátt stikkprufur úr fyrirtækum okkar, um þá aðskiljanlegu framþróun sem á hverjum degi er að verða til í hinum ólíku greinum.

Fyrri aðalmarkmið okkar með áttakinu Ári nýsköpunar er einmitt það að við sjálf, atvinnulífið, ráðamenn og íslenska þjóðin, áttum okkur á hve seigt er í íslenskum iðnaði, og að hagsældi og velferð komi ekki af himnum ofan. Verðmæti skapast með ráðdeild, útsjónarsemi og sköpunarkrafti, með mannanna verkum. Stærsta kreppan á Íslandi í dag er nefnilega kreppa hugans. Ráða þarf niðurlögum hennar sem allra fyrst.

Það eru ekki fréttir fyrir neinn sem hér er inni að það varð mikið áfall hér fyrir tveimur árum þegar bankarnir féllu. En bankarnir eru í sjálfu sér ekki eina atriðið, þótt þeir hafi verið áberandi í brussuskap sínum undir lokin. Hér hefði orðið djúp niðursveifla hvort sem bankarnir hefðu staðið atið af sér eða ekki, eins og Seðlabankastjóri benti reyndar á í gær. Ójafnvægið sem orðið var í hagkerfum og með ofurskuldum víða um vesturlönd, og sér í lagi í uppskrúfaðri myntinni og yfirkeyrðu fjárflæðinu hér heima, hefði aldrei geta leiðrést án sársauka.

Þar fyrir utan segir hin árpúsundalanga hagsaga okkur, að hið skrykkjótta ferli framþróunar gerist oft með skapandi eyðileggingu. Það er tekið eitt skref aftur á bak, til að taka tvö skref áfram, eða jafnvel eitt skref út á hlið í millitíðinni. En til langs tíma skilar okkur áfram ef við höldum rétt á málum, sú framför fer hins vegar ekki eftir beinni og fyrirsjáanlegri línu. Í þetta skiptið varð eyðileggingin reyndar óvenjulega mikil og sársaukafull, og því tekur það langan tíma fyrir sköpunarkraftinn í atvinnulífinu að vinna upp tjónið sem varð. En kvörn atvinnulífsins er núna að vinna á hverjum degi, rólega en markvisst. Nauðsynin er nefnilega móðir margra framfara.

Það er einfaldlega svo að heilu geirarnir á Íslandi eru núna að stökkva léttfættir og liprir inn í tómarúmið sem varð til við hrunið, og skapa ný verðmæti og störf. Líftækni, upplýsingatækni, umhverfistækni, heilbrigðistækni, tölvuleikjaiðnaðurinn, fyrirtæki eins og þetta sem við erum í núna. Allt byggir þetta á nýsköpun, og þar er hún spurning um líf eða dauða. Helsta afurð þessara geira eru hugverk og þekking, vörur þeirra eru sjaldnast fluttar út í gámavís eða mældar í tonnum. Og velmegunarverkir þessara geira eru meira að segja slíkir nú um stundir, að þá sárvantar sérhæft fólk til starfa, mitt í mesta atvinnuleysi Íslandssögunnar.

En nýsköpun er ekki einkamál sprotafyrirtækja eða hugverkaiðnaðarins. Yfirleitt er nýsköpun einmitt ekki neinn galdur, oft bara hversdagslegt ferli, hugarástand, hin ósjálfráða þrá til að gera betur í dag en í gær. Í öðrum tilfellum er nýsköpunarferlinu stjórnað með markvissum og sérhæfðum vinnubrögðum, utan daglegrar starfsemi.

En klárt er að nýsköpunin leynist úti um allt. Fyrir tveimur dögum var ég svo lánsamur að fá að veita verðlaun fyrir lofsvert framtak á matvælasviði á Íslandi. Þar komu fjölmörg fyrirtæki til greina sem vinningshafar, og afhjúpaðist þar sú mikla orka sem ríkir í matvælaiðnaði á Íslandi. Í gær fékk ég svo tækifæri til að veita verðlaun fyrir handverk og hönnun, þar sem tugir íslenskra hönnuða voru framúrskarandi kandidatar. Allir sem gengið hafa um miðbæ Reykjavíkur nýlega hafa séð hve hönnun á fötum, munum, skartgripum og fleiru stendur nú í miklum blóma.

Í dag fæ ég því miður ekki að veita nein verðlaun, þetta var reyndar farið venjast ágætlega. En hér hefði svo sannarlega hefði verið hægt að veita marga medalíuna. Í vélsmiðjunum sem t.d. hann Guðmundur í Héðni var að segja okkur frá, í áliðnaðinum sem Rannveig Rist var að tala um, í mannvirkjagerð sem fékk á sig stærsta höggið og sem Kolbeinn sagði okkur frá, í prentiðnaði sem Baldur Þorgeirs lýsti. Þarna og annars staðar er sífellt verið að laga sig að nýjum veruleika og sækja fram á annan hátt í dag en í gær. Þetta er nýsköpunin sem er alls staðar, oft hvorki áberandi né augljós. Nýsköpunin verkar þannig eins og súrefni eða rafmagn fyrir fyrirtækin. Þá er það frumleikinn sem sigrar vanann. Uppbyggileg togstreita sem yfirbugar letilegar hugsanavenjur.

Okkur hjá Samtökum iðnaðarins finnst mikilvægt að blása fólki sjálfstraust í brjóst með Ári nýsköpunar, ekki síst þeim sömu og standa einmitt fyrir framförunum, en velta verkum sínum kannski sjaldnast fyrir sér, í því samhengi. En þótt margt sem vel er gert sé vanmetið, þá er enn afar mikið verk óunnið í íslensku atvinnulífi. Það má leysa mun meiri kraft úr læðingi. Og svo vill til að það er hreint engin skortur á praktískum umbótaverkefnum sem ráðast má í.

Við förum til að mynda í engar grafgötur með að við teljum að stjórnvöldum hafi verið mjög mislagðar hendur við skattkerfisbreytingar undanfarin ár. Ekki einungis með misráðnum hækkunum,

sem margar skila litlum sem engum aukalegum skatttekjum fyrir ríkið, en valda miklum skaða fyrir atvinnulífið. Heldur einnig með því að flækja þetta kerfi og gera alla umgengni um það mun kostnaðarsamari og meira krefjandi en fyrr.

Þá er umhverfi fjárfestinga allt orðið afar óreiðu- og þversagnakennt, bæði fyrir innlenda og erlenda fjárfesta. Í kringum sjávarútveg og orku- og umhverfistengdar greinar þora fáir að taka af skarið og taka áhættu, því enginn getur spáð fyrir um hvers konar opinbert umhverfi verður við lýði á morgun – jafnvel ekki hvaða leikreglur séu í raun í gildi í dag. Við munum hreint ekki hætta að gera alvarlegar athugasemdir við alla þessa skemmandi kæki stjórnvalda.

En við ætlum líka að benda á þegar vel er gert og við ætlum klárlega að nýta átakið í uppbyggilegt samvinnuferli við fjölmarga, ekki síst einmitt við stjórnvöld. Til að mynda eru mörg verkefni sem vinna þarf með menntayfirvöldum, til skamms og langs tíma. Hér eru um 12.000 manns án atvinnu, en samt sárvantar starfsfólk til starfa sem kann til dæmis málmtekní, vélsmíði, tölvunarfræði og sumar tegundir verkfræði.

Við ætlum að vinna með fjármálastofnunum í að endurskipuleggja efnahag fyrirtækja og í að hefja eðlilega fjármálaþjónustu við atvinnulífið á ný. Við erum í tilteknu prófverkefni með Seðlabankanum varðandi afléttingu gjaldeyrishafta, sem snýr fyrst sérstaklega að því að koma aflandskrónum í vinnu í fjárfestingum á Íslandi, og sem endar vonandi hratt með endanlegri útför haftanna og erfidrykkju yfir þeim.

Við ætlum að hefja svokallað klasaverkefni um heilbrigðistæknina á Íslandi – sem er öflugur og vaxandi geiri. Nægir þar að nefna stórfyrirtækin Össur og Actavis, en þar utan eru fjölmörg frábær minni fyrirtæki að þjónustu heilbrigðisgeirann hér heima og ytra. Í þessu ætlum við að styðjast við svipaða hugmyndafræði og Dr. Michael Porter mun kynna hér eftir helgi, þá í klasagreiningu fyrir jarðvarmageirann á Íslandi. Opinber innkaup og opinbert stoðkerfi munu á samstarfsvettvangi heilbrigðistækninnar spila lykilhlutverk fyrir nýsköpun og grósku, sem og öðrum geirum.

Við erum líka með langan lista úrlausnarefna sem geta auðveldað aukinn útflutning og erlend viðskiptatækifæri íslenskra fyrirtækja. Eitt er, að það vantar grundvallargögn í rauntíma um græðlinga í íslensku hagkerfi, hagtölur sem snerta hugverkaiðnað og útflutning eru til að mynda allt of lengi að berast, og krefjast þá mikillar handavinnu og umpottunar, svo þær segi eitthvað um raunveruleikann, ekki einu sinni líðandi stundar heldur þann sem var fyrir hálfu ári. Flokkun og vinnsla talna á Íslandi er enn miðuð fyrirkomulag atvinnulífs á síldarárunum, sem var áður en mín kynslóð fæddist. Í nýsköpunarhluta atvinnulífsins er því verið að aka geyst án þess að sjá nokkuð út um framrúðuna. Og ekki nóg með það, heldur er okkar eina örlitla skyggni, út um afturrúðuna, á bíl löngu framliðins afa

míns. Blessuð sé minning hans. En í kringum Ári nýsköpunar höfum við þegar átt góð samtöl við hagstofustjóra og ráðherra efnahags og viðskipta um endurbætur á hagtölunum.

En ekki ætlum við að draga allan almenning með okkur inn á slíka úrlausnafundi og drepa hann þar úr leiðindum. Margt í þessu átaki mun eðli máls samkvæmt fara fram bak við tjöldin. En vakningin mun sjást – og stirna vonandi vel á. Það verða haldnir fundir og ráðstefnur – stórar sem smáar. Við óskum eftir góðri samvinnu við fjölmiðla um að koma litlum hetjusögum úr atvinnulífinu á framfæri við almenning. Ég las það í leiðara eins dagblaðs einmitt í morgun að fjölmiðlar væru enn of uppteknir af kreppuklámi, en leiddu það hjá sér sem vel væri gert. Vonandi gefa þessi skrif fyrirheit um uppbyggilegri tón í umræðunni.

Sum verkefni á Ári nýsköpunar verða með skýrri árangursmælingu innan ársins, annað er hugsað sem sem langtímaverkefni. Og við viljum halda persónulegri ásýnd í þessu átaki, en ekki missa okkur í þrjál og tildur – eða halda dýr hanastél. Nægjusemin er nefnilega góð fóstura nýsköpunar. Það er af þeirri ástæðu sem við opnum átakið hér í dag, inni í hjarta eins glæsilegs nýsköpunarfyrirtækis. Og það verða haldin opin hús víðar um iðnaðinn næsta árið. En við ætlum að standa að áttakinu af myndugleik og ekki af neinu neinni krepputilgerð. Áttakið verður í raun eitt stórt dagatal með alls kyns atburðum. Suma þeirra framkvæmum við sjálf, samtökin og félagsmenn þeirra, annað munu samstarfsaðilar hafa með höndum beint. Slíkir atburðir tengjast þá inn í þessa dagskrá, sem er eins konar regnhlíf og er birt á vef okkar í dag, eins langt og við sjáum inn í dagsetningar verkefna núna.

Að lokum vil ég segja, góðir gestir:

Það eru þrjár nótur í þessu átaki.

Í fyrsta lagi: Frumkvæði.

Hættum að bíða eftir einhverjum öðrum, gerum þetta sjálf, atvinnulífið getur ekki beðið eftir að stjórnvöld, eða bankar, eða Hæstiréttur, eða bara einhver annar komi og bjargi málum. Við ætlum ennfremur að taka þetta ákall um frumkvæði inn í skipulag áttaksins sjálfs. Þannig ætlum við ekki að pína neinn til þátttöku í áttakinu, innan eða utan samtakanna, heldur leitum eftir frumkvæði þátttakendanna sjálfra. Til dæmis þegar ákveðið var að hér í Marel kæmu mörg hundruð manns inn í fyrirtækið eftir vinnu í dag á föstudegi, þá þurfti alls ekki snúa upp á hendina á Sigsteini fast.

Nóta númer tvö: Fjárfesting.

Nýsköpun er ekki alltaf ókeypis – oft þarf að kosta talverðu til fyrirfram, fjárfesta, til að skapa ný verðmæti. Núna er einmitt grátlega lítið fjárfest á Íslandi, einmitt þegar það er sérlega hagstætt og slaki er í hagkerfinu.

Þriðja nótan: Farsæld.

Við erum ekki að þessu bara vegna þess að okkur finnst svo gaman að nýjabrumi. Jú vissulega má sjá barnslega og einlæga ákefð í sumum andlitum. Komdu sæll, Davíð okkar Lúðvíksson. En markmiðið með þessu er grjóthörð verðmætasköpun – atvinnusköpun – farsæld – undirstaða velferðar á Íslandi.

Eitt í viðbót. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra biður fyrir bestu kveðjur til fundarins. Hún segir: „Ég fagna mjög þessu framtaki Samtaka iðnaðarins. Því miður get ég ekki verið með ykkur í dag þar sem ég stödd á Indlandi ásamt fulltrúum íslenskra orkufyrirtækja sem kynna og selja verðmæta sérþekkingu sína og reynslu í þessu orkuríka landi. Ég vona að Ár nýsköpunar verði okkur öllum innblástur þeirrar bjartsýni og vilja til framtaks sem við þurfum öðru fremur á að halda. Gangi ykkur vel.“

Við þökkum iðnaðarráðherra hennar góðu hvatningarorð og látum þau verða þau síðustu hér – um leið og við skálum í rammíslenskri nýsköpun. Góðir gestir, farsælt komandi ár nýsköpunar!